

Haustönn 2026 Staðnám

Kennari: Jóhanna Geirsdóttir

johanna.is GSM: 699 5216Netfang: johanna@johanna.is

20. ágúst 2026

Komið þið sæl og verið hjartanlega velkomin í áfangann F-TÖLVmenntas (**Menntas99-stad**) sem hefst mánudaginn 24. ágúst 2026.

Hér eru nánari upplýsingar um áfangann, kennslubókina o.fl. sem þið skuluð lesa vel.

Ég er búin að opna fyrir skil á fyrstu skilaverkefnunum í áfanganum. (1, 2, 3 og 5 í PowerPoint og 1, 2, 3, 4, 5 og 6 í Word). Þið sækið verkefnin í kennslubókinni óunnin á vefsíðunni johanna.is, vistið þau á ykkar tölvu og vinnið samkvæmt fyrirmælum í kennslubókinni. Verkefni 1 í PowerPoint þurfið þið að setja sjálf upp frá grunni.

- Þið þurfið að skila verkefnunum áður en skilafresturinn rennur út.
- Þið skilið þeim fullunnum í rétta tengla í Innu. Ath. skilaskylda er á verkefnum.

Þið byrjið á að vinna verkefni í H-hluta kennslubókarinnar (PowerPoint).

Nánari sundurliðun á verkefnaskilum er í **kennsluáætluninni** í Innu.

Verkefnin eru flest frekar stutt, en með góðum útskýringum í kennslubókinni og myndskleið við mörg þeirra eru á síðunni johanna.is

PowerPoint-verkefnunum skilið þið á PowerPoint-formi (.pptx) og á .pdf-formi (3–4 glærum á síðu).

Word-verkefnunum skilið þið á **Word**-formi (.docx – ekki .pdf)

Ég fer yfir verkefnin og samþykki skilin eða geri athugasemdir við þau.

Þið getið lagað verkefnin ef ég hef gert athugasemdir við þau og skilað inn aftur áður en skilafresturinn rennur út. Þá fáið þið fulla einkunn fyrir skilin. Ég hvet ykkur til að skila verkefnunum um leið og þið eruð búin að vinna þau.

Kennslubókin fæst m.a. í A4 í Skeifu, Iðnskólabúðinni, Brautarholti og í Pennanum Smáralind, Akranesi og Keflavík.

Nemendur Mímis hafa aðgang að fríum Office365-pakka frá Microsoft meðan þeir eru skráðir í nám.

Þið þurfið að hafa samband við Svanhvíti (svanhvit@mimir) hjá Mími til að fá aðgang að Office-pakkanum.

Ég set allar upplýsingar varðandi áfangann inn í Innu, bæði undir **Efni** og undir **Tilkynningar**.

Gangi ykkur vel í náminu og ekki hika við að hafa samband við mig ef þið hafið einhverjar spurningar.

Kær kveðja

Jóhanna Geirsdóttir

johanna@johanna.is<https://www.johanna.is/>